Sammi rakari

Allar æfingarnar, allt sem var rifjað upp, allar sögurnar og atvikin frá því í gamla daga, allt í fersku minni þó að liðin séu kannski fjörutíu ár. Þessi æfingatími var einstaklega skemmtilegur! - Samúel Jón Einarsson, hárskeri og tónlistarmaður, betur þekktur sem Sammi rakari, er í viðtali vikunnar.

– sjá bls. 10-12

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Föstudagur 20. júní 2014 · 24. tbl. · 31. árg. ·Ókeypis eintak

Þessar ungu stúlkur tóku þátt í kvennahlaupinu á laugardag

Blossi ÍS á siglingu inn Önundarfjörðinn.

Nýr Blossi til Flateyrar

Útgerðarfélagið Hlunnar ehf. á Flateyri er búið að fá nýjan línu- og handfærabát frá bátasmiðjunni Seiglu á Akureyri. Báturinn er af gerðinni Seigur og mælist 12 tonn og fékk nafnið Blossi. Gamli Blossi, sem fyrirtækið hefur gert út í 15 ár, hefur fengið nafnið Már og verður hann einnig gerður út í sumar. „Nýi báturinn er ekkert svo mikið stærri, 12 tonn í stað 10 tonna, en þetta er rosaleg endurnýjun á tækjabúnaði. Svo er stærri lest og ég get tekið meiri krapa og öll meðferð á fiski verður betri," segir Birkir Einarsson, skipstjóri á Blossa. Hann verður með bátinn á línu og færum í sumar.

„Við bjuggumst við niðurskurði í ýsu svo við vorum búin að reikna með að vera á færum í sumar. Við erum með fimm rúllur um borð og svo er fellikjölur á bátnum sem kemur mjög vel út á færunum."

Kvótastaða fyrirtækisins er mjög góð um þessar mundir, en það helgast af gæftaleysi í vetur. „Það gekk mjög illa í vetur vegna veðurs svo við verðum með báða bátana í sumar og það verður róið stíft fram að 1. september. Hugmyndin er að selja gamla bátinn þegar það fer að róast hjá okkur, en við erum ekki búin að taka neina ákvörðun ennþá."

Hlunnar eru sannkallað fjölskyldufyrirtæki. Háseti hjá Birki er Steinunn systir hans og í landi eru foreldrarnir, Einar Guðbjartsson og Guðrún Pálsdóttir. Einar er rómaður fyrir harðfiskinn sem hann verkar og Guðrún sér um bókhaldið. Átta manns starfa hjá fyrirtækinu. Birkir segir að þau leggi upp hjá Arctic Odda á Flateyri og auk þess fari eitthvað í harðfiskverkunina en það sé þó orðið lítið í seinni tíð.

smari@bb.is

Óskilamunir í Grunnskólanum á Ísafirði

Gífurlega mikið af óskiladóti, fatnaði og öðru, hefur safnast upp í Grunnskólanum á Ísafirði í vetur, bæði úr skólanum sjálfum og íþróttahúsinu. Foreldrar og nemendur eru hvattir til að vitja þeirra á skrifstofutíma út þessa viku. Í næstu viku verður allt sem eftir stendur gefið í fatasöfnun Rauða krossins.

Kórinn fékk tólf stig frá salnum

Mynd af Hinsegin kórnum í Dublin tekin af Facebook síðu kórsins.

„Fólk stóð upp úr sætum og lófatakinu ætlaði aldrei að linna," segir ísfirski kórstjórinn Helga Margrét Marzellíusardóttir, sem var með Hinsegin kórinn á hinsegin kóramótinu „Various Voices" í Dublin á Írlandi.

Fjölmennt var á aðaltónleikunum, en söngur Íslendinganna fékk fullt hús stiga úr salnum. „Tónleikarnir fóru fram fyrir fullum 1200 manna sal og allt fór fram úr björtustu vonum. Utan úr sal var kallað „tólf stig" og þar auðvitað vitnað í fullt hús stiga í Júróvisjón," segir Helga.

„Kórmeðlimum hefur liðið dálítið eins og poppstjörnum eftir tónleikana, þeir eru stoppaðir úti á götu og þeim hrósað í hástert. Allir keppast við að bjóða okkur í heimsókn og vilja ólmir syngja með okkur. Allt er þetta mikil gleði og viðurkenning fyrir okkar starf," segir Helga.

Hinsegin kórinn er kór hinsegin fólks (lesbía, homma, tvíkynhneigðra og transgender fólks). Tilgangur hans er að vera fordómalaus vettvangur fólks til að hittast og njóta söngs saman.

Minnka olíunotkun um helming

Teikning af nýju skipi HG.

Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins - Gunnvarar hf., kynnti ásamt samverkamönnum sínum nýsmíði HG og Vinnslustöðvarinnar hf. fyrir útgerðarmönnum í húsi Sjávarklasans í Reykjavík fyrir síðustu helgi. Það sem vekur mesta athygli í hönnun skipanna er skrúfubúnaðurinn og ný tækni sem þar er beitt. Einar Valur segir að nýja tæknin felist fyrst og fremst í mjög stórri skrúfu sem snúist hægt og nýti orkuna miklu betur.

Miðað við núverandi skipastól má gera ráð fyrir að orkusparnaður nýju skipanna sé á milli 50 og 60 prósent og segir Einar Valur að það séu stórar upphæðir enda olíukostnaður næststærsti útgjaldaliður fiskiskipa en launakostnaður er stærsti liðurinn.

Einar Valur Kristjánsson.

Haltu bílnum hreinum í sumar með SONAX bón- og hreinsivörum

SONAX er margverðlaunað bílhreinsimerki frá Þýskalandi. SONAX býður allt sem þarf: bón fyrir allar gerðir af lakki, felguhreinsi, dekkjahreinsi, sápur, svampa, vínylhreinsi, gluggahreinsi og fleiri hágæða hreinsivörur.

SONAX®

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is
Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á póstfangið bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Húsin í bænum

Undantekningarlítið er það fyrsta sem leitar á huga ferðamannsins, þegar komið er á ókunnar slóðir, hvað eftirtektarvert væri að skoða. Í þéttbýli lenda byggingar og söfn af margvíslegum toga tíðum ofarlega á lista. Ætla má að sífellt fleiri, einkum útlendingar, reyni samhliða sviðsmyndinni sem við blasir að teikna upp mynd af mannlífinu, daglegu amstri fólksins, sem þar býr og hvernig saga staðarins hafi þróast.

„Við getum á ýmsan hátt numið sögu þjóðarinnar, öðlast skilning á vegferðinni frá fátækt fyrri alda til velmegunar okkar tíma. Bækur og myndir, gripir og önnur gögn eru gagnlegur efniviður. En húsin geta líka leitt okkur um slíkar slóðir.

Ísafjörður býður gestum að ganga um götur sögunnar; byrja jafnvel við elstu húsin, vettvang viðskipta og verslunar þegar hin snauða þjóð hóf baráttu fyrir sjálfstæði og Jón Sigurðsson var þingmaður Ísfirðinga; halda svo áfram og láta strætin tala sínu máli.

Timburhúsin, lágreist og litrík, bárujárnið, vísa veginn til upphafs síðustu aldar þegar Ísafjörður kynntist togstreitu stéttanna, átökum um kaup og kjör. Svo komu metnaðarfullir hugsjónamenn og reistu tignarleg hús fyrir skóla, samkomur og sund. Gamla sjúkrahúsið og röðin við Túngötuna líka vitnisburður um að krepputímar náðu ekki að buga Ísfirðinga.

Síðan getur leiðin legið um götur lýðveldis og nýrra tíma; í glæsibyggingar síðari ára - menntaskólann, stjórnsýsluhúsið, fyrirtækin. Gönguferð um Ísafjörð er fróðleg og skemmtileg heimsókn á slóðir sögunnar; húsin vitnisburður um árangur þjóðar.“

Svo mælist forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni, í aðfararorðum, Saga húsa – Saga þjóðar, að nýútkominni bók: Húsin í bænum – Ísafjörður, þar sem birtar eru myndir af yfir sjötíu húsum og saga þeirra rakin á hnitmiðaðan hátt á þremur tungumálum, íslensku, ensku og þýsku; bókinni enda ætlað að vera leiðsögn á göngu um bæinn; ein af mörgum stoðum sem þarf til styrktar þeirrar sívaxandi atvinnugreinar, sem móttaka ferðamanna er.

Við getum verið stolt þegar erlendir ferðamenn lýsa hrifningu yfir heimsborgarblænum, sem þeim finnst þessi litli sögufrægi bær á Eyri við Skutulsfjörð búa yfir. Húsin í bænum er ein af mörgum leiðum til að halda því vörumerki á lofti.

s.h.

Spurning vikunnar

Hyggst þú ferðast um Vestfirði í sumar?

Alls svöruðu 400.
Já sögðu 294 eða 74%
Nei sögðu 58 eða 14%
Óvíst sögðu 48 eða 12%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins Gunnvarar.

Ýsan skellur en aukning í grálúðukvóta mjög jákvæð

Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins - Gunnvarar hf., segir að skýrsla Hafrannsóknastofnunar um ástand fiskistofna og aflahorfur á næsta ári komi ekki á óvart og bæði jákvæð og neikvæð teikn á lofti. Tillaga Hafrannsóknastofnunar gerir ráð fyrir þriggja prósenta aukningu í þorski og segir Einar Valur að menn hefðu vonast eftir nokkru meiri aukningu því hrygningarstofninn sé sterkur og að teknu tilliti til hvernig stofnunin mat stöðuna fyrir ári. Það sé þó alltaf jákvætt þegar mikilvægir stofnar fara upp á við. Ýsukvótinn verður skorinn verulega niður, úr 38 þúsund tonnum í 30 þúsund tonn.

„Niðurskurðurinn í ýsu er skellur. Það er ekki hægt að orða það öðruvísi. En þetta er í línu við það sem þeir hafa spáð, við höfum verið að veiða upp þessa sterku árganga þannig að þetta kemur ekki á óvart en er engu að síður skellur,“ segir Einar Valur. Grálúða er mikilvæg tegund fyrir HG og segir Einar Valur ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um að auka kvótann um 25 prósent vera mjög jákvæð tíðindi fyrir HG. Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar segir til um að aflaheimildir í grálúðu úr sameiginlegum stofni Íslands, Grænlands og Færeyja fari úr 20 þúsund tonnum í 25 þúsund tonn.

Þá segir Einar Valur að það sem er hægt að lesa úr skýrslunni sé að ástand lífríkisins í hafinu sé almennt gott. „Það eru jákvæðar fréttir til dæmis af loðnunni. Þó svo að við séum ekki að veiða loðnu þá er hún mikilvæg fæða fyrir aðrar tegundir,“ segir Einar Valur. *– smari@bb.is*

Albertína ráðin til Akureyrarstofu

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, fráfarandi forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, hefur verið ráðin verkefnastjóri atvinnumála hjá Akureyrarstofu. Umsækjendur voru í upphafi 44. Ráðningarferlið var í höndum Capacent ráðninga, en framkvæmdastjóri Akureyrarstofu og tveir fulltrúar úr stjórninni, þau Helena Þ. Karlsdóttir og Sigfús Arnar Karlsson, komu að lokaúrvinnslu umsókna og tóku þátt í seinni viðtölum við fimm umsækjendur sem þóttu best koma til greina.

Albertína hefur verið verkefnastjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands á Ísafirði auk þess að sitja í bæjarstjórn fyrir Framsóknarflokkinn á síðasta kjörtímabilinu.

– smari@bb.is

Púkamótið haldið í tíunda sinn

Púkamótið verður haldið í tíunda sinn dagana 27. og 28. júní. Jóhann Króknes Torfason, yfirpúki og einn forsvarsmann Púkamótsins, segir að mótið verði með veglegra móti í ár til að halda upp á afmælið. Meðal annars mun stjórn Knattspyrnusambands Íslands halda stjórnarfund á Ísafirði þessa helgi. „Ég er í stjórn KSÍ og fékk fundinn hingað af þessu tilefni, það koma hátt í 20 manns frá KSÍ, frá öllum landshornum,“ segir Jóhann. Hann vill sjá kvennalið taka þátt á mótinu ár. „Ég skora á konurnar að smala í lið. Ég skora á Siggu Láru, Stellu Hjalta og þær allar að smala saman í lið og mæta púkunum. Ég vil sjá minnst tvö kvennalið,“ segir Jóhann.

Púkamótið er fyrir 30 ára og eldri og þrátt fyrir að bera heiti sérísfirsks skilnings á orðinu púki er ekki skylda að keppendur séu frá Ísafirði. „Það eru allir velkomnir, það er alls ekki skylda að vera frá Ísafirði. Ef menn bera hlýjan hug til Ísafjarðar og Vestfjarða þá eru þeir gjaldgengir púkar.“ Mótið hefst föstudaginn 27. júní kl. 14. Engin skipulögð dagskrá verður um kvöldið. Á laugardeginum hefst mótið kl 13 og eftir leiki dagsins verður Púkaveisla í Edinborgarhúsinu sem hefst kl 19:30 með verðlaunaafhendingum og skemmtunum. Eins og síðastliðin níu ár og sjá meistarakokkar um veitingarnar. Rúnar Þór ásamt hljómsveit heldur svo uppi miklu fjöri ball í Edinborg.

Enn og aftur verður mótsgjald á kostnaðarverði eða aðeins 12.000 kr. fyrir knattspyrnupúka, en innifalið í mótsgjaldi er búningur, vallargjöld og fiski-Púkaveisla. Þeir sem taka maka með í Púkaveislu þurfa aðeins að borga 3.000 kr. aukalega.

Mmmm...
Tear Here
HOMEBLEST
Kex með mjólkursúkkulaði
Milk Chocolate Digestive Biscuits
300 g
GOTT...
...BÁÐUM MEGIN!

Fasteignamat lækkar í Ísafjarðarbæ

Heildarmat fasteigna á Íslandi hækkar um 7,7% frá yfirstandandi ári og verður 5.396 milljarðar króna, samkvæmt nýju fasteignamati fyrir árið 2015 sem Þjóðskrá Íslands hefur kynnt. Nýtt fasteignamat miðast við verðlag fasteigna í febrúar 2014. Matið hækkar á 91,7% eigna en lækkar á 8,3% eigna frá fyrra ári. Fasteignamatið byggir á upplýsingum úr þinglýstum kaupsamningum auk fjölmargra annarra þátta sem hafa áhrif á verðmæti fasteigna. Í ár er haldið áfram að þróa matsaðferðir Þjóðskrár í samræmi við lög um skráningu og mat fasteigna. Markmið laganna er að samræma fasteignamat á öllu landinu þannig að það standist kröfur stjórnsýsluréttar um jafnræði. Þessar breytingar hófust árið 2009 þegar nýjar og nákvæmari aðferðir voru teknar upp við mat á íbúðarhúsnæði.

Samkvæmt matinu lækkar fasteignamat í Ísafjarðarbæ um 0,2% og er sveitarfélagið annað af tveimur sem það lækkar í. Í Vogum á Vatnsleysuströnd lækkar það um 2,1%. Fasteignamatið hækkar hins vegar næst mest í Tálknafjarðarhreppi, um 13,6%, en mest í Borgarfjarðarhreppi eystra, um 14,3%. Heildarfasteignamat hér á landi hækkar um 7,7% og verður tæplega 5.396 milljarðar króna á næsta ári. Nýja fasteignamatið tekur gildi um næstu áramót. Til samanburðar við 7,7% hækkun á heildarfasteignamati fyrir árið 2015, var hækkunin 4,3% fyrir 2014.

Samkvæmt heimildum Ríkisútvarpsins verða miklar breytingar á fasteignamati atvinnuhúsnæðis um allt land - ýmist hækkun eða lækkun. Miklar breytingar verða á fasteignamati atvinnuhúsnæðis um allt land, bæði til hækkunar og lækkunar, en mun minni á íbúðarhúsnæði. Meðaltalshækkun á atvinnuhúsnæði verður 12,4%, en breytingarnar geta numið tugum prósenta á einstökum eignum. Þetta kemur til vegna breyttra aðferða við mat á fasteignum og nýrra upplýsinga sem Þjóðskrá hefur undir höndum.

Heildarfasteignamat á höfuðborgarsvæðinu hækkar um 9,1%. Matið á Suðurnesjum hækkar um 4,6%, matið hækkar um 3,9% á Vesturlandi, 3,7% á Vestfjörðum, 5,1% á Norðurlandi vestra, 6,2% á Norðurlandi eystra, 3,3% á Austurlandi og 4,2% á Suðurlandi.

– harpa@bb.is

Markaðssala og viðburðir í Neðstakaupstað í sumar?

Verið er að kanna möguleika á að koma upp aðstöðu til markaðs- og viðburðahalds í Neðstakaupstað á Ísafirði í samstarfi áhugafólks og Byggðasafns Vestfjarða. Að sögn Jóns Sigurpálssonar safnstjóra, kviknaði hugmyndin í framhaldi af bollaleggingum um hvað hægt væri að gera til að auka afþreyingu fyrir ferðafólk, gera söluvarning aðgengilegri fyrir farþega skemmtiferðaskipa og skapa meira líf í kringum starfsemi safnsins í Neðsta.

„Stjórn safnsins fékk erindi þar sem leitað var eftir afstöðu hennar til starfsemi af þessu tagi og tók því á mjög jákvæðan hátt. Stjórnin gefur sitt leyfi og fagnar öllum góðum hugmyndum sem byggja undir starfsemi safnsins, þjónustu við ferðafólk og skapa grundvöll til aukinnar starfsemi einstaklinga og fyrirtækja í ferðamennsku,“ segir Jón.

Ef almennur áhugi á verkefninu reynist fyrir hendi meðal hagsmunaaðila er ætlunin að bjóða einstaklingum og fyrirtækjum að leigja aðstöðu í markaðssölutjaldi sem fest verða kaup á. Eins er gert ráð fyrir að hægt verði að halda litla viðburði í tjaldinu s.s. leiksýningar og tónleika. Árleg saltfiskveisla Byggðasafnsins og Tjöruhússins í Neðstakaupstað mun mögulega njóta góðs af aðstöðunni og verður þá hægt að taka á móti fleira fólki en hingað til.

Guðný Sóley Kristinsdóttir á Ísafirði, eða Sóley eins og hún er alla jafna kölluð, hefur tekið að sér að vera tengiliður við áhugasama aðila sem hafa hug á að nýta sér aðstöðuna. „Þetta verður dálítið tilraunarkennt í fyrstu og erum við fyrst og fremst að horfa til komudaga farþegaskipa í sumar og helgarstarfsemi. Við erum að vonast til að sameiginlegur vettvangur geti örvað sölu til ferðamanna og að fólk fái hvatningu hvert af öðru. Þeir sem eru að framleiða varning og hafa ekki tök á að stunda sölustörf sjálfir geta leitað eftir að varningur verði seldur fyrir þá. En við erum auðvitað að vonast eftir að sem flestir sjái sér fært að taka þátt og að hægt verði að skapa skemmtilega stemningu í Neðstakaupstað í sumar. Einnig er möguleiki á að tjaldið verði leigt út til veislu-halda, tónleikahalds og leiksýninga, og munum við leita eftir samstarfi við listafólk um uppákomur af ýmsu tagi verði þetta að veruleika. Eins stefnum við á að halda „Vestfirsku handverkshátíðina" eina helgina í sumar,“ segir hún.

Áhugasamir geta haft samband við Sóleyju í netfangið *soley@auglysing.is*.

– harpa@bb.is

Bílstjóri óskast

PÓSTURINN

Pósturinn á Ísafirði óskar eftir að ráða bílstjóra í framtíðarstarf. Óskað er eftir jákvæðum einstaklingi með ríka þjónustulund sem á auðvelt með samskipti. Viðkomandi þarf að sjá um póstdreifingu á Flateyri og Suðureyri.

Vinnutími er frá kl. 08:30-16:45 og þarf viðkomandi að geta hafið störf 20. júlí.

Umsóknarfrestur er til 25. júní.

Umsóknum skal skilað á netfangið hrafnhildurs@postur.is eða á Pósthúsið á Ísafirði.

A Member of The Linde Group | AGA

AGA
GAS
ALLS STAÐAR

Ísafjörður: Þröstur Marzellíusson hf, s. 456 3349.
Súðavík: Búðin okkar, s. 456 5554.

Ráðand - auglýsingastofa ehf

Þú getur slakað á og upplifað öryggi við grillið með AGA gas.
Öryggi sem felst í notkun á gæðavörum AGA og góðri þjónustu þegar þú heimsækir umboðsmenn eða söluaðila til að fá áfyllingu á gashylkið.
Sem stærsti söluaðili própangass á norðurlöndunum býður AGA upp á margar stærðir og gerðir gashylkja. Sérfræðingar AGA geta veitt þér góð ráð um hvaða hylki hentar best miðað við aðstæður og hvernig best er að meðhöndla própangas.

Farðu á www.gas.is og finndu nálægan sölustað
eða sæktu öryggisleiðbeiningar og fáðu upplýsingar um AGA gas.

Hreinsunarátak á Hornströndum

Tæplega sextíu manns tóku þátt í hreinsunarátaki í Hlöðuvík, og Kjaransvík og Hælavík í friðlandi Hornstranda fyrir stuttu og var 7-8 tonnum, aðallega plastrusl, hreinsað úr fjörunum að sögn Gauta Geirssonar hjá Björgunarfélagi Ísafjarðar. „Þetta gekk alveg ótrúlega vel. Héðan frá Ísafirði fóru 40 sjálfboðaliðar og síðan komu átta manns á báti frá Hólmavík sem var alveg frábært og við þökkum þeim sérstaklega vel fyrir að koma alla þessa leið," segir Gauti. Tíu manns frá Björgunarfélaginu lögðu af stað um kl. 5 á laugardagsmorgni með pramma til að flytja ruslið. „Sjálfboðaliðarnir lögðu af stað kl. 7 með Sjóferðum Hafsteins og Kiddýjar og hófst hreinsunin um leið og komið var á staðinn. Við skiptum þeim í fimm hópa og hreinsuðum fjörur í Hlöðuvík, Kjaransvík og Hælavík. Allir fengu svo nesti í hádeginu í boði Hótels Ísafjarðar, Gamla bakarísins og Borea Adventures. Þá kláruðum við að hreinsa allt og grilluðum svo í boði Samkaupa og Vífilfells áður en við lögðum af stað að nýju heim á leið," segir hann. Sjálfboðaliðar komu í land á Ísafirði um kl. 20 en Björgunarfélagið, með prammann, um kl. 22. „Það var sól og blíða allan tímann, þótt það væri þoka í kring. Það var mikil stemmning og þetta var alveg harðduglegt fólk sem var þarna með okkur og þeim ber að þakka kærlega fyrir. Ekki síður þeim sem komu lengra að. Þarna voru meira að nokkrir sem komu frá Reykjavík og Akureyri," segir Gauti.

– harpa@bb.is

Um sjö til átta tonn af rusli var hreinsað úr fjörunum. Ljósmyndir: Grétar Sigurðsson.

Grillað var að hreinsun lokinni.

Fram á veginn á Vestfjörðum

Kosningar eru að baki og hægt að líta fram á veginn. Nýrra bæjar- og sveitarstjórna bíða margs konar verkefni. Þær hafa að vísu fjögur ár til að leysa þau, en sá tími verður fljótur að líða og því betra að bíða ekki með að efna stóru loforðin úr kosningabaráttunni. Því er trúað að allir kjörnir fulltrúar ætli sér að standa við sitt og gera sitt besta. Hins vegar reynist oft erfiðara að efna loforð en að gefa þau. Á það bæði við um um sveitarstjórnir og Alþingi. Um langt skeið hafa Vestfirðingar beðið vegabóta og þótt ganga fremur seint að koma þeim á. Margt er til í því, en þá má ekki gleyma því að vegir á Vestfjörðum eru langir og oft erfitt um vik að bæta þá í þröngum fjörðum og á erfiðum fjöllum. Heldur miðar þó í áttina.

Vestfjarðagöng og Bolungarvíkurgöng hafa gert mikið gagn og það þrátt fyrir að fólki á norðanverðum Vestfjörðum hafi fækkað umtalsvert á liðnum árum. Göngin hafa bætt lífsskilyrði og kjör fólks, gert því auðveldara að ferðast um svæðið og vonandi aukið samheldni. Á móti kemur að atvinnulífið glímir við þrautir sem tengjast því að leyfi til að veiða fiskinn í sjónum er verslunarvara þeirra manna sem hugsa sennilega mest um arð sinn og afkomu sína, en síður um það hvernig fólki sem atvinnu hefur haft af því að veiða og verka fisk reiðir af. En þannig er lífsbaráttan oft, því miður. Á Þingeyri blasir við erfitt ástand, sem kann að hafa stuðlað að því að Í listinn náði kjöri í Ísafjarðarbæ við síðustu kosningar. Vandséð verður þó hvort og þá hvernig því góða listafólki tekst að bæta úr atvinnuástandi. Vont er þegar fólki fækkar vegna skertra möguleika á afkomu.

Vegakerfið heldur áfram að batna og miklar vegbætur eru í augsýn sunnan til á Vestfjörðum í Kjálkafirði í sumar með tilkomu brúar yfir fjörðinn og í Mjóafirði í Barðastrandarsýslu þegar haustar. Brýrnar yfir firðina munu auðvelda ferðamönnum að aka hringinn um Vestfirði þó enn verði Dynjandisheiði erfið yfirferðar nema rétt yfir sumartímann. Ferðamenn munu á næstu árum skapa meiri tekjur á Vestfjörðum en hingað til hefur verið.

Sé litið fram á veginn er beinlínis bjart yfir vegagerðinni, en betur má ef duga skal, einkum þegar þjónusta ríkisins í héraði er að sameinast í auknum mæli og búast má við að hið sama hljóti að verða uppi á teningnum varðandi sveitarstjórnir. Nú ber sveitarstjórnarmönnum og alþingismönnum Vestfirðinga að sameinast um enn frekara átak í samgöngumálumálum til hagsbóta fyrir Vestfirðinga og landsmenn alla. Eftir kosningar er þetta verðugt verkefni allra, að snúa bökum saman og horfa fram á veginn svo hann auðveldi Vestfirðingum lífsbaráttuna.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL

1298 KR.KG

FJALLA ferskt **Kryddað lambalæri**

NÝTT Í BÓNUS

359 kr. 454g

Amerískar **Eggjahvítur** 454g

1198 krónur kg.

Kaupfél. Skagfirðinga **Frosið heilt lambalæri** FROSIÐ

1198 KR.KG

KS Lamba-Sirloinsneiðar FROSNAR

KJARNAFÆÐI

1598 kr 10 stk. 120g

KJARNAFÆÐI **Frosnir Nautahamborgarar 10x120g**

1198 kr. kg.

Bónus **BBQ grill grísakótilettur**

1398 kr. kg

BÓNUS úrb. GRILL-**Grísakótilettur**

1698 kr. 38 þvottar

Ariel þvottaefni: 38 þvottar

45 KR. HVER ÞVOTTUR

1898 krónur kg.

NORÐANFISKUR **Íslenskir laxabitar** BEINHREINSAÐIR M.ROÐI

1598 krónur kg.

BÓNUS BACON/BEIKON

129 kr. 100g

SOLLU-LÍFRÆNT **HRÍSKÖKUR**

195 kr. 2 ltr.

129 kr. 2 ltr.

198 kr. 300g

198 kr. 250g

195 kr. 170g

Doritos allar gerðir 170g

379 kr. 340g

Sollu-Lífrænt **Hnetusmjör** 340g

GRÓFT OG FÍNT

AFGREIÐSLUTÍMI **FIMMTUDAGUR 11:00-18:30**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI **FIMMTUDAGUR 11:00-18:30**

Sammi rakari

Samúel Einarsson, hárskeri og tónlistarmaður á Ísafirði, heitir fullu nafni Samúel Jón Einarsson en er í daglegu tali einfaldlega kallaður Sammi rakari. Hann var á sínum tíma einn af hljóðfæraleikurunum í BG-flokknum landsfræga og var meðal þeirra sem tóku þátt í minningartónleikunum um Ólaf Guðmundsson, söngvara hljómsveitarinnar, sem haldnir voru fyrir skömmu. Ólafur lést langt um aldur fram árið 1986.

Í þessu viðtali er einkum fjallað um tónlistarferil Samúels í hálfa öld en líka komið inn á starf hans sem hárskera á Ísafirði í jafnlangan tíma, gamansögur rakarans og fleira.

Latur að lesa nótur

– Hvenær byrjaðir þú að spila á hljóðfæri og hvað varð til þess?

„Ég komst fljótlega upp á lag með að spila á píanó. Það var píanó heima og ég var ekki hár í loftinu þegar ég fór að geta spilað lög eftir eyranu, þetta var bara eitthvað innbyggt. Ég fór að vísu í tónlistarskóla, en ég var latur að lesa nótur, og vegna þess að ég gat spilað eftir eyranu, þá fannst mér það bara léttara og skemmtilegra. Ég hef gert það að mestu leyti síðan, en vissulega styðst ég við nótur ef ég þarf þess."

– Og þegar þú ert að semja lög, þá geturðu skrifað þau sjálfur?

„Já, það get ég."

– Hvenær fórstu að láta til þín taka í tónlist?

„Eins og gengur var ég í skólahljómsveitum í Gagnfræðaskólanum. En svo var það árið 1964 þegar ég var sextán ára, eða fyrir réttum fimmtíu árum, sem segja má að bæði tónlistarferillinn og hárskeraferillinn byrji. Undir vorið byrjaði ég í hljómsveit með Villa Valla og fór svo að læra hjá honum að klippa 20. maí 1964."

– Og þú hefur verið viðriðinn tónlist meira og minna alla tíð síðan ...

„Já, alla tíð. Ég byrjaði þarna með Villa Valla en fer svo í BG árið eftir. Ég var mjög stutt með Villa í hljómsveit, bara eitt ár. Við vorum þeim mun lengur saman í klippingunum. Hann hætti nú bara fyrir ári, þannig að við störfuðum saman á þeim vettvangi í nærri fimmtíu ár. Þó ekki óslitið, því að ég var um tíma með rakarastofu við Silfurtorg þar sem Árni Matt hafði verið, við hliðina á Bókhlöðunni. Árni dó 1971 og síðan er ég með þá stofu í sjö eða átta ár. Að öðru leyti var ég alltaf með Villa.

Þegar Sporthlaðan kaupir húsið þar sem rakarastofa Árna Matt var og svo mín, þá fer ég út, en kaupi allt innvolsið, öll tæki og tól, þannig að segja má að ég hafi alla tíð átt rakarastofu í geymslu. Villi bauð mér að koma til sín og ég var síðan alltaf hjá honum."

Núna eftir að Villi Valli hætti er Sammi einn á rakarastofunni við Silfurgötu 9, sem hann rekur undir heitinu Rakarastofa Samúels og leigir hana af Villa.

Af píanóinu á bassann

– Þó að þú hafir í æsku byrjað að spila á píanó, þá gerðirðu það ekki lengst af.

„Nei, ég fer á bassa með Villa, það vantaði bassaleikara því að Magnús Reynir flutti þá úr bænum. Ég hafði aldrei spilað á bassa, en undirstaðan úr píanóleiknum hjálpaði mér til að geta farið að spila á bassa nokkuð fljótlega. Upp frá því var ég bassaleikari. Nema þegar ég hef spilað dinnermúsík á píanó."

– Eins þrautreyndir músíkantar á Ísafirði allan þennan tíma og þið Magnús Reynir eruð, þið hafið þá væntanlega varla spilað saman, bassaleikarar báðir tveir?

„Nei, við höfum eiginlega aldrei spilað saman. Þegar ég fór yfir í BG kom hann aftur vestur og spilaði með Villa."

Hárskerinn með bítlahárið

– Þú komst víðar við í tónlistinni á fyrstu árunum í hljómsveitum ...

„Þeir Villi Valli og Baldur Geirmundsson, sem ég byrjaði að spila með, eru báðir töluvert eldri en ég og voru ekki í tónlist bítlakynslóðarinnar. Þess vegna var ég í nokkur ár í þrem-fjórum bítlahljómsveitum hér á Ísafirði áður en ég fer aftur til BG."

–Voru það nafnkunnar hljómsveitir á sinni tíð?

„Nei. Þær hétu nú ýmsum nöfnum og lifðu kannski ekki nema eitt ár hver fyrir sig eins og algengt var. Bílskúrsbönd eins og kallað var."

Í þessum hópi ungra tónlistarmanna á Ísafirði með Samúel voru m.a. Rúnar Vilbergsson, Árni Búbba, Ásgeir Erling og Baldur heitinn Ólafsson í bankanum.

„Þetta var kannski kjarninn í þessu en við vorum alltaf að skipta um nöfn: Sexmenn, Leones, Öx ..."

– Músíkin hjá Baldri Geirmundssyni hefur væntanlega verið með öðrum og mildari blæ en bítlatónlistin ...

„Já, þeir byrjuðu snemma að spila, bræðurnir Baldur og Kalli, og eins Villi og félagar hans. Þeir eru byrjaðir fyrir 1960. Þannig var BG aldrei bítlahljómsveit heldur miklu frekar danshljómsveit með fjölbreyttari músík."

– Nú mætti spyrja hárskerann Samúel Einarsson, sem á sínum tíma spilaði í bítlahljómsveitum, hvernig hárvöxturinn á honum hafi verið á þeim tíma. Bítlahár?

„Já, ég fór alveg niður á axlir með hárið! Kallarnir voru fljótlega farnir að segja við Villa: Þú þarft að fara að klippa strákinn! En hárið varð alltaf síðara og síðara, þetta tók nokkur ár."

Jón Múli talaði alltaf um BG-flokkinn

„Á þessum bítlaárum mínum er Baldur Geirmundsson kominn með stóra hljómsveit á ný og ég fer til hans aftur árið 1970. Þá er Ingibjörg komin og þá byrjar eiginlega þetta gullaldartímabil, BG og Ingibjörg. Síðan þegar Svanfríður kemur sem söngkona er farið að tala um BG-flokkinn. Það var eiginlega vegna þess að Jón Múli kynnti hljómsveitina alltaf í útvarpinu sem BG-flokkinn. Þess vegna tókum við það bara upp.

BG-flokkurinn starfaði síðan alveg til 1995, en þá kemur dúóið Baldur og Margrét í staðinn í mörg ár eftir það."

Fleiri viðkomustaðir í músíkinni

– Hvernig var þinni spilamennsku síðan háttað eftir að BG-flokkurinn hætti 1995?

„Þá hægist nú nokkuð um hjá mér. Ég fór samt að spila eitthvað með Gumma Hjalta í nokkur ár, en eftir þetta fór ég svolítið í píanóið, spilaði einsamall dinnertónlist á hótelinu og fleiri stöðum. Líka spilaði ég í nokkur ár með hljómsveitinni Express í Bolungarvík."

– Hefurðu spilað eingöngu á bassa og píanó á ferlinum?

„Nei, ég fór fljótlega í lúðrasveitina, eða 1965. Þar er ég með althorn og spila þar á það ennþá. Og svo hef ég verið í tveimur kórum, bæði kirkjukórnum og Sunnukórnum."

– Hvaða rödd syngurðu?

„Ég syng tenór."

– Þú hefur líka lagt stund á tónsmíðar.

„Eins og svo margir, þá var maður að fikta við að semja lög. Þau eru nú kannski ekki mörg sem hafa komið fyrir eyru almennings."

– Voru einhver laganna þinna

Sælkerar vikunnar eru Jónína Hrönn Símonardóttir og Sigurjón Hákon Kristjánsson á Þingeyri

Afmælissúpan

Við ætlum að bjóða upp á Mexíkósúpu sem er mjög góð og saðsöm og má nota hvort heldur er hversdags sem venjulega gúllas/kjúklingasúpu eða spari með því að bera fram með henni nachos-flögur, sýrðan rjóma og rifinn ost. Við buðum upp á spariútgáfuna í fertugsafmæli húsbóndans og síðan hefur hún gengið undir nafninu „Afmælissúpan". Hún er líka mjög góð daginn eftir, svo það er allt í lagi að elda svolítið mikið af henni.

Mexíkó-súpa

2 laukar, smátt saxaðir og steiktir
2 hvítlauksrif, söxuð og steikt
2 msk. olía til að steikja l laukana
2 dósir niðursoðnir tómatar
1 kjúklingateningur
1 nautakraftsteningur
½ l vatn
1 l tómatsafi
1 msk kóríander
1 ½ tsk chiliduft (eða nokkrir dropar af tabaskósósu)
1 ½ tsk cayennepipar

Þetta er látið malla í ca. tvær klukkustundir. Síðan er annað hvort kjúklingur sem búið er að steikja (upplagt að nota afganga af heilum kjúkling) eða gúllasbitar sem búið er að steikja, sett út í og ef vill er nachos, sýrður rjómi og rifinn ostur borinn með. Það þarf ekkert, hún er alveg jafn góð „hversdags".

Með kaffinu á eftir er svo upplagt að bjóða upp á mjög hollt og gott nammi en það samanstendur af:

Kókosolíu, hnetusmjöri og hunangi sem hitað er saman í potti (magnið er svipað af kókosolíu og hunangi, en ívið meira af hnetusmjöri) við lágan hita. Þegar þetta er búið að malla saman er bætt útí niðurbrytjuðu 70% súkkulaði, haframjöli, kókosflögum, gojiberjum og trönuberjum. Hver og einn ræður hvað hann hefur mikið af hverju, en lykilatriðið er að þetta sé ekki of þunnt. (Þetta minnir svolítið á baksturstilraunir í drullubúinu í gamla daga, en smakkast MUN betur). Síðan er öllu saman skellt í eldfast mót sem búið er að klæða með bökunarpappír, dreift úr og látið kólna í ísskáp í 1-2 klst. Þegar þetta er orðið hæfilega kalt er það skorið í munnbita og látið bráðna í munni. Gott að geyma svo afganginn (ef einhver verður) í kæli eða frysti, en um að gera að hafa samt greiðan aðgang að svo auðvelt sé að næla sér í bita Verði ykkur að góðu. *Við skorum á Rakel Brynjólfsdóttur og Jón Sigurðsson á Þingeyri að koma með einhverja góða uppskrift í næsta blaði.*

á prógramminu hjá BG-flokknum á sínum tíma?

„Já, og tvö þeirra voru á minningartónleikunum núna um daginn.“

Nánast alæta á tónlist

– Hvernig tónlist hefur þér fundist skemmtilegast að hlusta á?

„Ég veit eiginlega ekki hvað ég á að segja, ég hlusta á svo margs konar tónlist. Meðal annars hef ég gaman af því að fara í gamla tímann, stríðsáratónlistina og það allt.“

– Bandaríska tónlist frá þeim tíma kannski?

„Já, einmitt. Og líka hef ég óskaplega gaman af bandarískri söngleikjatónlist. Ég er kannski ekki alltaf að hlusta á einhverja snillinga heldur er ég meira að leita eftir stemmningunni, andanum í tónlistinni. Ég er ekki með miklar pælingar í tónlist.

Þegar ég var sextán ára og Bítlarnir í algleymingi, þá var ein bossanovaplata með Stan Getz og Joao Gilberto í sérstöku uppáhaldi hjá mér, ekki síst lögin eftir Antonio Carlos Jobim, og hefur verið það alla tíð síðan.“

Meðal þeirra laga er Stúlkan frá Ipanema, eitt þekktasta lag allra tíma.

– En hvað með eldri tónlist, klassíska tónlist svokallaða, Bach, Beethoven, Mozart o.s.frv.?

„Jú, á tímabili hlustaði ég mikið á þannig tónlist. Óratorían Messías eftir Händel var og er í miklu uppáhaldi hjá mér, sérstaklega þegar líður að jólum, og líka Sálumessa (Requiem) Mozarts. Ég hef miklar mætur á stórum verkum af þessu tagi sem tengjast hátíðum.“



Gæðin meiri á geisladiskunum

– Áttu mikið af gömlum vinýlplötum?

„Jájá, helling af þeim.“

– Ýmsum finnst einhvern veginn mýkri og notalegri hljómur í þeim en geisladiskunum. Hvað finnst þér um það?

„Ég spila vinýlplöturnar mjög sjaldan. Hitt er náttúrlega betra, gæðin eru meiri. Og það er meira vesen að spila gömlu plöturnar.“

Barþjónar, leigubílstjórar, rakarar ...

– Barþjónar, leigubílstjórar, rakarar, er eitthvað hæft í því að þessar stéttir gegni jafnframt starfi sálusorgara sem hlusta á fólk rekja vandamál sín og opinbera sorgir sálarinnar?

„Hvað rakarann snertir, þá fer það nú væntanlega eftir því hvernig hann er. Ég er kannski ekki þannig týpa, ekki svo opinn sjálfur, að menn fari mikið að opna sig fyrir mér. En þegar mamma og Jana systir hennar voru í hannyrðabúðinni, þá fengu þær allar kellingar til að opna sig!

Á rakarastofunni eru mest karlmenn og þeir eru kannski síður að flíka mikið sínum tilfinningum. En varðandi hinar stéttirnar sem þú nefndir, þá er líklegra að kúnnirnir þar séu í glasi en hjá rakaranum og þess vegna skrafhreifnari um sín mál!“

Uppruni og fjölskylda

Eins og óbeint hefur komið fram er Samúel 66 ára, fæddur í ársbyrjun 1948. Foreldrar hans voru Elísabet Samúelsdóttir og Einar Gunnlaugsson, bæði úr Álftafirði við Ísafjarðardjúp og ættir þeirra víðar við Djúpið. Þau bjuggu allan sinn búskap í Túngötu 5 á Ísafirði og þar í bæ er Samúel fæddur og uppalinn og hefur átt þar heima alla sína tíð.

Eiginkona Samúels er Guðríður Sigurðardóttir, af hinni kunnu Góustaðaætt í Skutulsfirði. Börn þeirra eru Sigurður Rúnar Samúelsson, f. 1973, og Elísabet Samúelsdóttir, f. 1979. Sigurður er fasteignasali hjá Landmark í Reykjavík en Elísabet er viðskiptafræðingur og starfar hjá Landsbankanum á Ísafirði.

Samúel er yngstur fimm systkina, og svo merkilegt sem það nú er kannski, þá eru þau öll búsett á Ísafirði. Systkini hans eru, í aldursröð, Amalía Kristín, Jónína Lúlla, Bára og Gunnlaugur.

Minningartónleikarnir

– Víkjum þá að minningartónleikum BG-flokksins um Ólaf heitinn Guðmundsson, gítarleikara og söngvara hljómsveitarinnar.

„Árið 2012 hefði Óli orðið sextugur, og þá langaði okkur til að gera eitthvað. Atvikin höguðu því bara þannig, að það tókst ekki fyrr en núna tveimur árum seinna. Við þurftum að kalla saman lið úr öllum áttum, sumir voru fluttir suður. Það var dálítið púsl að koma þessu saman til æfinga og tók svolítinn tíma. En uppskeran var núna um fyrri helgi og tókst svona líka glimrandi vel, allir í sjöunda himni með þetta.“

– Á þessum tónleikum komu saman fleiri en voru í BG-flokknum á hverjum tíma.

„Við sem vorum í hljómsveitinni á þessum árum á milli 1970 og 1980 vorum nú flest þarna, en við þurftum að kalla til gítarleikara, fengum tvo gítarleikara til liðs við okkur. Annar þeirra, Rúnar Óli, er reyndar sonur Kalla Geirmunds, en hinn var Jón Hallfreð Engilbertsson.

Þarna komu saman að hluta til tvær kynslóðir. Hjalti sonur Kalla var þarna líka, Rúnar Vilbergsson átti þarna dótturina Ylfu Mist og í einu lagi lék sonur minn á bassa. Eða eins og Magnús Reynir orðaði það á tónleikunum: Þetta er allt hvað undan öðru.

Söngkonurnar Ingibjörg og Svanfríður voru þarna báðar, Karl Geirmundsson söng, Rúnar Vilbergsson var á trommunum og ég á bassanum, og BG sjálfur var þarna að sjálfsögðu. Svo var Reynir Guðmundsson og söng tvö lög, en hann söng með okkur eftir að Óli dó. Margrét Geirsdóttir söngkona var þarna með okkur og líka Guðmundur Hjaltason systursonur Óla heitins.“

– Þó að minningartónleikunum hafi verið feiknavel tekið, getur ekki verið að ykkur sem þarna komuð saman á ný eftir öll þessi ár hafi þótt endurfundirnir fullt eins skemmtilegir?

„Hvað heldurðu maður! Allar æfingarnar, allt sem var rifjað upp, allar sögurnar og atvikin frá því í gamla daga, allt í fersku minni þó að liðin séu kannski fjörutíu ár. Þessi æfingatími var einstaklega skemmtilegur.“

Misfögur viðurnefni

Enda þótt lítið hafi verið um að kúnnarnir létti á sorgum sínum við Samma rakara, þá hefur löngum í áratuganna rás verið glatt á hjalla á stofunni hjá honum og Villa Valla og gamansögur um náungann flogið á milli manna. Undanfarin ár hafa þrjár bækur með slíkum gamansögum komið frá hendi Samma. Í þeirri síðustu, Rakarinn lék við hvurn sinn fingur, er jafnframt merkileg samantekt um alls konar misfögur viðurnefni og gælunöfn fólks á Ísafirði og þar í kring. Þar koma vel á annað hundrað manneskjur við



sögu. Fyrri bækurnar heita Rakarinn minn þagði og Rakarinn minn sagði.

Hér fara á eftir þrjár af sögunum hans Samma rakara.

15.200 eða 14.200?

Guðmundur Guðjónsson starfaði um tíma sem gjaldkeri í Landsbankaútibúinu á Ísafirði og gekk jafnan undir nafninu Gummi gjalli. Hann hafði gaman af að spjalla við kúnnann og voru öll heimsins mál til umræðu, einkum þau sem efst voru á baugi hverju sinni. Guðmundur gat oft verið annars hugar, eins og þegar hann tók með sér ruslapokann í flugvélina og skildi eftir poka með rækjum sem fara átti suður til vina og ættingja.

Sagan gerist daginn eftir að Íslendingar töpuðu fyrir Dönum 14-2 í fótbolta. Magnús Þórðarson úrsmiður (Litli-Vísir) kom í bankann til að borga víxil. Hann fór að innheimtudeildinni og afhenti greiðsluseðilinn sem færður var til bókar og sendur á færibandi til gjaldkerans eins og þá tíðkaðist, en gjaldkerinn kallaði upp nafn viðkomandi.

Magnús gekk að gjaldkerastúkunni og spurði varðandi upphæðina: Var það ekki fimmtán og tvö?

Nei Magnús minn, svarar Gummi, það voru nú bara fjórtán og tvö.

Ég skal spyrja hann Alla bróður

Þeir bræður Aðalbjörn og Garðar Guðmundssynir ráku lengi verslunina Björnsbúð, sem var í eigu fjölskyldunnar í marga áratugi. Þeir bræður voru vinmargir og einstaklega þjónustuliprir. Eitt sinn var staddur í búðinni Guðmundur Bárðarson vélstjóri og ökukennari, grallari mikill, og var að velta fyrir sér folaldakjöthleif. Hann vindur sér að Garðari og spyr: Heyrðu Garðar minn, veistu hvort þetta er af tömdu eða ótömdu?

Garðar sem vildi hvers manns vanda leysa lagði hönd á kinn, hallaði lítið eitt undir flatt eins og hann var vanur, horfði beint í augu Guðmundar og sagði:

Nei Guðmundur minn, nú veit ég ekki, en ég skal spyrja hann Alla bróður, hann er niðri í kjallara.

Þeir sem Guðirnir elska

Sr. Sigurður Kristjánsson, faðir Agnesar núverandi biskups, var lengi sóknarprestur Ísfirðinga og prófastur Ísafjarðarprófastsdæmis. Hann var að ávarpa gesti á Hlífarsamsætinu, en það er samkoma eldri borgara á Ísafirði sem þær Hlífarkonur hafa boðið til í hundrað ár og var á árum áður kallað gamalmennasamsæti.

Presturinn hóf ávarp sitt hjá gamalmennunum á þessum orðum: Sagt er að þeir deyi ungir sem Guðirnir elska. *– hþm.*

VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Á garðyrkjubýlinu Brún hafa hjónin Birgir og Margrét ræktað kirsuberjatómata síðan árið 1999. Kirsuberjatómatar eru smærri en venjulegir tómatar en bragðsterkari. Hjónin hafa komist að því að skemmtileg leið til að njóta þeirra er að steikja með þeim fræ og valhnetur.

- Kirsuberjatómatar Birgis og Margrétar með steiktum fræjum og valhnetum -

// 400 g (2 box) kirsuberjatómatar // 2 msk. steinselja // 50 g sólblómafræ // 50 g graskersfræ // 50 g valhnetur // 1 msk. tamarisósa

Skerið tómata til helminga, saxið steinselju. Setjið sólblómafræ, graskersfræ og valhnetur í skál og blandið tamarissósu við. Hitið ofninn í 180°C. Gott er að setja smjörpappír á plötu og fræblönduna þar á. Bakið uns blandan fer að brúnast. Kælið og hrærið saman við tómata og steinselju. Ferskt, einfalt og svaka gott .

Sportið í beinni...

Föstudagur 20. júní
kl. 22:00 Hondúras - Ekvador
Laugardagur 21. júní
kl. 22:00 Nígería - Bosnía
Sunnudagur 22. júní
kl. 22:00 Bandaríkin - Portúgal
Mánudagur 23. júní
kl. 16:00 Ástralía - Spánn
kl. 20:00 Kamerún - Brasilía
Þriðjudagur 24. júní
kl. 16:00 Kosta Ríka - England
kl. 20:00 Japan - Kólumbía
Miðvikudagur 25. júní
kl. 16:00 Bandaríkin - Þýskaland
kl. 20:00 S-Kórea - Belgía

Dagar Íslands

20. júní 1969: Strandferðaskipið Hekla var sjósett hjá Slippstöðinni á Akureyri. Þetta var þá stærsta skipt sem smíðað hafði verið hér á landi, um 950 brúttótonn.
21. júní 1991: Perlan, útsýnishús Hitaveitu Reykjavíkur í Öskjuhlíð, var formlega tekið í notkun. Byggingarkostnaður var á annað milljarð króna.
22. júní 1977: Hópferðabíll með 46 farþega af skemmtiferðaskipi valt í Biskupstungum. Margir þeirra meiddust en enginn alvarlega.
22. júní 1991: Hjónum frá Hellissandi var bjargað úr alldjúpri sprungu á Snæfellsjökli. Þau sluppu vel.
23. júní 1977: Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal var formlega opnaður. Hann var reistur í tilefni af 1100 ára byggð á Íslandi og var tekið mið af rústum bæjarins á Stöng við gerð bæjarins.
24. júní 1988: Kanadíski söngvarinn Leonard Cohen hélt tónleika í Laugardalshöll sem var þéttsetin. Þar flutti hann öll sín þekktustu lög.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:
Snýst í hæga norðlæga átt, en vestlægari 5-10 m/s við SV- og S-ströndina. Dálítil rigning eða súld, en úrkomulítið SA-lands. Hiti 10 til16 stig.

Horfur á laugardag:
Norðlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s, og rigning eða skúrir í flestum landshlutum. Hiti 6 til 13 stig.

Horfur á sunnudag:
Hægviðri og víða skúrir, en skýjað með köflum V-til. Heldur hlýnandi.

Krossgátan

Jón Steingr.	Máls-háttur	Reiði-hljóð	Jötunninn / Mánuður Sveru		R.vík	Lykkja / Tala		Setur / Bergmál / Fugl			Skal
Máls-háttur											
Kvíðinn					Fljótið / Á fæti						
Slagorð						Svali / Hrörna				Vetni / Feikn	
Afl		Lamb / Frekja							Líta / Unnið		
					Grugg / Kona Veifi			Stafur / Annmarki Danir			
Formæl-ingin							Ferju / Tala				
Eins				Ókunnur Athöfn / Óðagot							
Blanda / Þöggun							Skammst. / Eins um 2 eins			1000 / Samtala Óþétt	
			Tvíhlj / Tvíhlj.								Þverslá
Átt / Spili		Elskar / Skattur				Fémunir / Ónátt-úran					
				Diskar / Æki					Leyfist / Án		
Skeinan / Trjóna			Röð								
							Fjöldi / Bergmál				
Ilmur Tala Fjöldi											
			Horfa Afsvar / Upphr.								
Sár / Tala		Kæk					Dans				

BÍLAVERIÐ ehf
Hjólbarðaþjónusta
Smurþjónusta
Smáviðgerðir
Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

Gámaþjónusta Vestfjarða ehf
Bílstjóra vantar á olíubíl hjá Gámaþjónustu Vestfjarða.
Meirapróf skilyrði, ADR æskilegt.
Um er að ræða framtíðarstarf.
Þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.
Upplýsingar hjá Ragnari í s. 892 0660
Umsóknir sendist á netfangið
ragnar@gamarvest.is

Lausn á síðustu krossgátu

					Á		A			A	
				⇨	H	A	N	N	⇘	F	A
					R	U	N	A	E	R	N
Jón Steingr.	⇩			S	Æ	L		G	L	Á	S
	K	O	N	T	R	A	B	A	S	S	A
L	Y	F		R	A	N	I		K	I	Đ
	L	A	G	I		A	L	D	A	N	
	F	R	E	K	A		U	R	R	A	R
D	A	L	I		T	Í	N	I	⇩		A
	N	E	F	A	P	I		S	M	Á	N
	⇩	G	L	Ó	I		Ö	S	I	N	A
S	N	A	U	Đ	K	Á	M	U	G	U	R
	O		M		S	A	U	G		M	
	T	S		S	Á	R	N	A	G	Ó	U
D	U	L	A	K	J	A	F	T	F	O	R
Á	Đ	I	M	E	T	T	A	Ó		R	R
	⇘	T	I	L	⇗	A	R	M	Æ	Đ	A

Sudoku þrautir

							5	3
7	2			4			9	
				1		6		4
5	4			9	7			
		9	5		6	4		
			4	8			1	9
9		6		7				
	3			5			6	8
4	5							

	6	1			3			
					7			4
4		3			5			
				7		3	8	
6			8		1			2
	8	5		2				
			5			7		3
2			1					
			7			4	9	

Listasafninu afhent málverk af Símoni Olsen

Systurnar Kristjana Birna og Martha Lilja Marthensdætur Olsen hafa afhent Listasafni Ísafjarðar málverk af afa sínum Símoni Olsen, málað af Halldóri Péturssyni árið 1963. Símon Olsen var fæddur í Karmöy í Noregi árið 1898 en fluttist til Íslands árið 1924 og settist að á Ísafirði. Hann var hinn mesti atorkumaður og var fyrstur manna til að hefja rækjuveiðar hér við land árið 1935 en slíkum veiðum hafði hann kynnst í Noregi. Stundaði hann rækjuveiðar í Ísafjarðardjúpi á bát sínum Karmöy þar til hann fórst í róðri haustið 1961 ásamt Kristjáni, syni sínum. Símon var kvæntur Magnúsínu Stefánsdóttur Richter og eignuðust þau hjónin fjögur börn.

Vestfirskir með lægsta tilboð

Vestfirskir verktakar áttu lægsta boð í lagningu steyptrar þekju og byggingu veituhúss á höfninni á Suðureyri. Tvö fyrirtæki buðu í verkið, Vestfirskir verktakar og Geirnaglinn ehf. Tilboð Geirnaglans hljóðaði upp á kr. 44.707.900.-, eða 109,7% af kostnaðaráætlun en tilboð Vestfirskra verktaka hljóðaði upp á kr. 39.696.070.- eða 97,4% af kostnaðaráætlun sem hljóðaði upp á kr. 40.736.800.

Byggja á veituhús við höfnina og steypa 1.200 fermetra hafnarþekju ásamt lagningu vatnslagna og ídráttarröra fyrir rafmagn. Verkinu skal vera lokið eigi síðar en 30. ágúst 2014.

Mirko Stefán til Njarðvíkur

Mirko Stefán Virijevic, körfuknattleiksmaðurinn reyndi sem hefur leikið með KFÍ undanfarin ár, er genginn til liðs við Njarðvíkinga. Mirko Stefán er 32 ára gamall miðherji, íslenskur ríkisborgari og spilaði fyrst hér á landi fyrir 13 árum, þá með Breiðabliki fyrstu þrjú árin og síðan með Haukum.

Hann hefur spilað einn landsleik fyrir Íslands hönd. Síðasta vetur var hann bæði stiga- og frákastahæstur í liði KFÍ í úrvalsdeildinni, skoraði 19,5 stig og tók 11,3 fráköst að meðaltali í leik.

smáar

Til sölu eru tveir litlir árabátar. Góðir vatnabátar. Uppl. í síma 456 3842, Hólmberg Arason.

Þjónustuauglýsingar

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir
Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

GÓK HÚSASMÍÐI EHF
Öll almenn húsasmíði
Bolungavík
☎ 456 7080 • 893 9362 • 690 1060
Umboðsaðili fyrir GLERBORG

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is
VERK VEST

ENDURSKOÐUN VESTFJARÐA ehf
Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910
Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

BÍLAVERKSTÆÐI SB
SINDRAGÖTU 3
SÍMI: 456-3033
SMURSTÖÐ
VARAHLUTAVERSLUN
HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI

Kampi EHF
Rækjuvinnsla:
Sindragötu 1 • 400 Ísafjörður • Sími: 450 4000
Fiskvinnsla:
Hafnargötu 90 • 415 Bolungarvík • Sími 450 7507 / 863 2600

NIVEA MEN

ÞAÐ BYRJAR HJÁ ÞÉR

ÞAÐ ER TIL BETRI LEIÐ TIL AÐ RÓA HÚÐINA

Prófaðu nýju NIVEA MEN Sensitive næringuna eftir rakstur.
Án alkóhóls og berst gegn svíða, kláða og roða.

*Ekkert Etanól

NIVEAMEN.COM